

Nefndasvið Alþingis — Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Dags. 24.2.2015
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2015-62
0.5

Með erindi dags. 10. febrúar sl. óskaði Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn Veðurstofu Íslands um frumvarp til laga um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum (heildarlög, strangari reglur). Þingskjal 889 – 512. mál.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Gróðureldar verða hér á landi oftast til vegna mannlegra athafna, fáein dæmi þekkjast þó um slíka bruna vegna eldinga. Frumvarpið fjallar nær eingöngu um elda sem ætlunin er að tendra, þá aðgæslu sem við slíkt þarf og reglur um leyfisveitingar. Titill frumvarpsins er ekki nægilega markviss þar sem það fjallar einvörðungu um lítinn hluta vandans. Frumvarpið er þó skref í rétta átt hvað slíkt varðar.

Þótt um jákvætt skref sé að ræða er því ekki að neita að frumvarpið fjallar í raun um mjög þröngt svið gróðureldavandans. Þrátt fyrir þung (og þörf) varnaðarorð frumvarpsins um aðgæslu, hertar reglur um leyfisveitingar og refsingar, mun fjöldi elda enn kvikna af ýmsum ástæðum; s.s. hreinum óhöppum, vankunnáttu, aðgæsluleysi, jafnvel illvilja, auk þess sem stöku eldar kvikna af náttúrulegum ástæðum.

Rétt er lauslega minnst á slíka elda í athugasemdum við frumvarpið, en ekkert er minnst á hvernig meta beri áhættu samfélagsins af þeim og vart vikið að því einu orði hvernig draga megí úr slíkri áhættu. Ekkert er heldur minnst á nauðsyn rannsókna á gróðureldum hér á landi, sérkennum þeirra og tíðni.


Í athugasemdum við frumvarpið, V. kafla Samráð, segir: „Iðgjald eitt og sér yrði afskaplega hátt ef váttrygging tæki til umhverfistjóns og e.t.v. líkamstjóns“. Þetta verður vart skilið á annan hátt en þann að áhætta vegna gróðurelda sé það mikil að tryggingafélög geti ekki tekið hana á sig nema með mjög háum iðgjöldum. Sjálfsagt er þetta rétt, en slík staða verður að teljast mjög umhugsunarverð. Það að engin áhættuviðmið séu til vegna tjóns af völdum gróðurelda er algjörlega óviðunandi til lengdar.

Einhverjar hugmyndir munu vera uppi um tjónmætti gróðurelda, en tilvitnunin hér að ofan bendir til þess að tjónnæmið sé mikið til óþekkt. Ekki er hægt að setja áhættuviðmið nema að tjónmætti og tjónnæmi séu þekkt.

Niðurstaða:

Mikil þörf er á heildstæðri löggjöf um varnir gegn gróðureldum og tjóni af þeirra völdum. Mjög mikið vantar upp á að þetta frumvarp uppfylli þá þörf. Lagt er til að sem fyrst verði skipaður starfshópur sem undirbúi tillögur að nýju og ítarlegra frumvarpi.

Virðingarfyllt



Hafdis Karlsdóttir, staðgengill forstjóra VÍ